




## Flúðasel 61-77 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. nóvember 2024 var lögð fram fyrirspurn Ólafs Marteinssonar, dags. 30. október 2024, um að bæta við bílastæði með rafbílahleðslu í útskot við innkeyrsluhurð við bílakjallara hússins á lóð nr. 61-77 við Flúðasel, samkvæmt uppdr. Ólafs Marteinssonar, dags. 30. október 2024. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5 desember 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ Hverfisskipulag.



Annað

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir Flúðasel 61-77 borgarhluta 6 Breiðholti og landnotkun er skilgreind sem íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er hverfisskipulag fyrir Seljahverfi sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 4. maí 2022, með síðari breytingu frá 26. október 2022. Flúðasel 61-77 er innan skilmálaeiningar 6.3.13 í hverfisskipulagi sem er íbúðarbyggð.

### Umsögn

Óskað er umsagnar skipulagsfulltrúa um hvort heimilt er að bæta við bílastæði á lóðinni fyrir rafhleðslu. Fyrirhugað bílastæði væri staðsett við innkeyrsludyr að sameiginlegri bílageymslu lóðarinnar, þ.e. utan við suðvesturhorn bílageymslunnar. Auk bílastæða í bílageymslu tilheyra lóðinni 16 bílastæði á sérstakri fylgilóð sem staðsett er austan við aðallóðina, sbr. samþykkt mælibleð fyrir lóðirnar.

Samkvæmt gildandi hverfisskipulagi Seljahverfis er ekki heimilt að fjölga bílastæðum á lóðum. Hinsvegar kemur fram að heimilt er að útbúa rafhleðslustæði á núverandi bílastæðum. Í ljósi þess er ekki fallist á að útbúið sé nýtt bílastæði á lóðinni fyrir rafhleðslu en bent á að skipulagslega er ekkert því til fyrirstöðu að komið sé upp rafhleðslustöðvum við núverandi bílastæði, hvort sem er í sameiginlegri bílageymslu eða bílastæði á fylgilóð.



## Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið, ekki er heimilt að fjölga bílastæðum á lóðinni.
- Heimilt er að koma upp rafhleðslustöðvum við núverandi bílastæði.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Ólafur Ingibergsson

verkefnastjóri



**Reykjavík**